

VISTSPORIÐ

Fréttabréf Vistbyggðarráðs

2.tbl. 5.árg. 8. september 2015

Í þessu öðru tölublaði Vistsporsins á árinu 2015 verður sagt frá því helsta sem gerst hefur frá útgáfu síðasta tölublaðs í janúar og því helsta sem er á döfnni næstu vikur og mánuði. Sem fyrr er ekki skortur á spennandi og mikilvægum verkefnum en með auknum umsvifum á byggingarmarkaði undanfarna mánuði hafa ýmis verkefni farið í gang sem áhugavert verður að fylgjast með.



Ný stjórn kosin á aðalfundi

Á aðalfundinum sem haldinn var þann 9. apríl var kosin ný stjórn sem sitja mun fram að næsta aðalfundi. Þrír nýir fulltrúar tóku sæti í stjórn eða þau; Andri Þór Arnbjörnsson fulltrúi Reita, Gísli Örn Bjarnhéðinsson fyrir Búseta og Bergljót S. Einarsdóttir fyrir Framkvæmdasýslu ríkisins.

Meðal efnis

Ný stjórn kosin á aðalfundi

Grænir fletir- opinn fundur í mars

Vistferilsgreining og íslenskur byggingariðnaður – opinn fundur í maí

Verkefnin Híbýli og heilsa og Efnisgæði komin af stað

Norrænum verkefnum fer að ljúka

Vika vistvænna bygginga í lok september

Aðilafundur og endurskoðun stefnu í október

Fjármögnun starfseminnar

Nýr starfsnemi

Námskeið í haust

Fráfarandi fulltrúum Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur, Páli Gunnlaugssyni og Guðmundi Tryggva Sigurðssyni voru færðar þakkir fyrir störf sín og framlag til Vistbyggðarráðs.

Grænir fletir- opinn fundur í mars

Þann 6. mars var haldinn opinn fundur í Norræna húsinu í samvinnu við NordGreen verkefnið. Kynntar voru fjölbreyttar útfærslur á grænum flötum mannvirkja, utan sem innan. Á fundinum var sagt frá rannsóknnum sem verið er að vinna á gróðurþekju hérlendis og var fundurinn mjög vel sóttur. Erindi fluttu þau: Aðalheiður Atladóttir, Þorkell Gunnarsson, Ragnhildur Skarphéðinsdóttir, Sveinn Aðalsteinsson og Magnús Bjarklind. Hægt er að skoða kynningar frá fundinum á heimasíðu Vistbyggðarráðs undir, starfsemi- opnir fundir.



Vistferilshugsun og íslenskur byggingariðnaður – opinn fundur í maí

Næsti viðburður á vegum VBR fór einnig fram í Norræna húsinu í maí, en á þeim fundi var fjallað um vistferilshugsun í íslenskum byggingariðnaði. Markmið fundarins var að efla þekkingu og auka umræðu um vistferilshugsun almennt. Sagt var frá verkefnum þar sem unnið var með þessi markmið að leiðarljósi. Erindi héldu þau: Bergljót S. Einarsdóttir, Ólafur H. Wallevik, Helga Jóhanna Bjarnadóttir, Elín Vignisdóttir og Jukka Heinonen.

Næsti opni fundur Vistbyggðarráðs verður haldinn þann 13. nóvember.

Verkefnin Híbýli og heilsa og Efnisgæði kominn af stað

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti Vistbyggðarráði tvo verkefnastyrki á þessu ári, en þetta eru verkefnin: **Efnisgæði** og **Híbýli og heilsa**. Styrkirnir gera VBR kleift að gefa út tvö leiðbeiningarit í vefútgáfu til að byrja með. Tveir starfsmenn hafa verið ráðnir tímabundið til að sinna þessum verkefnum. Markmiðið með verkefninu, **Efnisgæðum** er að gefa út aðgengilegt fræðsluefni um vistvænar byggingavörur með áherslu á íslenskan markað þar sem m.a. verður fjallað um mögulega endurnýtingu, mismunandi eiginleika byggingavöru og algengar umhverfismerkingar. Margrét Kristín Gunnarsdóttir arkitekt hefur verið ráðin til að sinna þessu verkefni. Margrét útskrifaðist sem Cand. Arch frá Arkitektaháskólanum í Arósum (2011) og hefur unnið að ýmsum verkefnum m.a. hönnun gosmínjasafnsins Eldheima í Vestmannaeyjum.

Í verkefninu **Híbýli og heilsa. Heilsufarsleg áhrif vistvænna bygginga og byggðs umhverfis**, verða útbúnaðar leiðbeiningar um æskilegar aðferðir og áherslur í tengslum við endurgerð og lagfæringar á eldra húsnæði sem og hönnun og framkvæmd nýbygginga með áherslu á heilsufarslega þætti. Einnig verður fjallað um það hvernig gott og vandað skipulag getur hvatt til aukinnar hreyfingar og heilsusamlegra lífnaðarháttá. Hildur Hreinsdóttir hefur verið ráðin til að sinna verkefninu, en hún hefur lokið tveimur meistaraþráðum við Háskólann í Malmö í Svíþjóð, annars vegar í Sustainable Urban Management (2015) þar sem hún lagði áherslu á græn almenningssvæði, og hins vegar MA í Leadership and Organization (2014). Þá verða settir á stofn tveir rýnihópar í tengslum við verkefnin sem hittast munu 1-2 fram að áramótum.

Þeir sem óska eftir að taka þátt í öðrum hvorum hópnum geta skráð sig með því að senda tölvupóst á vbr@vbr.is

Norrænum samstarfsverkefnum fer senn að ljúka

Nú stýttist í verklok beggja norrænu verkefnana sem Vistbyggðarráð hefur tekið þátt í ásamt systursamtökum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Þetta eru verkefnin: **Norrænar leiðbeiningar um vistvæn byggingarefni** og **Norrænn vegvísir um vistvæna þróun þéttbýlis**. Stefnt er að verklokum um áramótin, en á fyrri hluta ársins 2016 verður lögð áhersla á að kynna verkefnin hérlendis og jafnvel staðfæra hluta þeirra svo þau geti sem best nýst hér á landi. Enn á eftir að halda einn vinnufund í tengslum við verkefnið um vistvænt byggingarefni, en á fundinum verður m.a. farið yfir niðurstöður vefkannana sem unnar voru af Vistbyggðarráði en skýrsla með samantekt niðurstaðna verður kynnt síðar í haust. Verkefnunum lýkur með yfirferð í stýrihópum verkefnanna á fundum sem haldnir verða í Helsinki í nóvember.

Hægt er að kynna sér verkefnin og skoða kynningar og fundagerðir á heimasíðu Vistbyggðarráðs undir- starfsemi-vinnuhópar.

Vika vistvænna bygginga 21-27. september – göngutúr

Nú stýttist í árlega viku vistvænna bygginga sem World Green Building Council stendur fyrir ásamt vistbyggðarráðum og aðildafélögum þeirra um allan heim. Markmiðið er að opna augu sem flestra fyrir mikilvægu hlutverki og möguleikum vistvænna bygginga í mótun sjálfbærrar framtíðar. Í þessari viku verður lögð áhersla á að segja frá því hvað byggingariðnaðurinn og orkufyrirtæki eru að gera til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í tengslum við byggingar og framkvæmdir. Vistbyggðarráð mun standa fyrir göngutúr um vistvænar framkvæmdir í Reykjavík miðvikudaginn 23. september kl. 15-16. Lagt verður af stað frá BSÍ. Aðilar er hvattir til að halda upp á þessa viku og kynna verkefni sín á þessu sviði. Nánari dagskrá verður kynnt fljótlega.

Hafir þú eða þitt fyrirtæki/stofnun áhuga á að taka þátt vinsamlegast sendið tölvupóst á netfangið: vbr@vbr.is, en Vistbyggðarráð mun taka að sér að kynna viðburði aðildafélaga í viku vistvænna bygginga og leiða saman aðila ef mögulegt er.

Aðilafundur og endurskoðun stefnu í október

Ákveðið hefur verið að færa aðilafund sem vera átti í september fram til 15. október og nýta hann til þess að fara vel yfir og endurskoða stefnu Vistbyggðarráðs 2013-2015. Það er óskandi að sem flestir aðilar hafi huga á að taka virkan þátt í að leggja línurnar fyrir starfseminu næstu þrjú til fimm árin. Fundurinn verður haldinn síðdegis og nánar auglýstur þegar nær dregur. Stefnt er að því að vinna stutta viðhorfskönnun fyrir fundinn sem nýst getur sem innlegg í vinnuna.

Nýr starfsnemi

Erla Björg Aðalsteinsdóttir mun sinna starfsnámi hjá Vistbyggðaráði næstu 3 mánuði frá og með 1.



september. Erla Björg stundar nú nám í Umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, og lauk BSc prófi í

Umhverfisskiplagsfræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands 2012. Hún hefur í

námi sínu skoðað sérstaklega samband byggðs umhverfis og sjálfbærrar þróunar og hefur auk þess tekið námskeið í verkefna- og gæðastjórnun. Við bjóðum Erlu Björg velkomna til starfa.

Fjármögnun starfseminnar

Rekstur Vistbyggðarráðs er að mestu leyti fjármagnaður með aðildagiöldum (70% árið 2014) en 30 % tekna eru styrkir vegna sérverkefna. Verkefnastyrkir koma þó ekki nema að hluta til með að styðja beint við reksturinn, þar sem þeim er veitt beint í verkefnin sjálf. Þegar norrænum verkefnum lýkur um áramótin, munu tekjur Vistbyggðarráðs minnka á ný, þar sem ekki varð af styrk í tengslum við umsókn í Horizon 20/20. Það er því ljóst að samhliða því að hefja þarf vinnu við

umsóknir um nýja styrki þarf nauðsynlega að fjölga í aðilahópnum eigi að vera hægt að halda starfsmanni í fullu starfi árinu 2016. Við óskum eftir liðsinni ykkar aðildafélaga til að ná í nýja aðila, félög, stofnanir og fyrirtæki sem starfa með umhverfismarkmið að leiðarljósi.

Á síðasta aðalfundi var rætt um að hugsanlega þurfi að skoða aðildagjöldin í þessu samhengi en ekkert hefur verið ákveðið í þeim efnum.

Annar kostur er að fá í auknum mæli kostun á einstaka viðburði og verkefni og er hér með auglýst eftir aðildafélögum sem gætu hugsað sér að leggja til aukið fjármagn tengt ákveðnum viðburðum og verkefnum. Kostunaraðilar myndu fá kennimerki sitt birt á kynningarefni.

Dæmi um verkefni:

**Kostun auglýsingavara/kaffiveitinga í viku vistvænna bygginga. (50.000)*

**Kostun fundaaðstöðu/veitingum á opnum fundum (50.000-100.000)*

**Kostun á prentun bæklinga*

**Kostun í tengslum við fyrirlesara á ráðstefnu 2016 (100.000-200.000)*

Þau fyrirtæki og stofnanir sem hefðu áhuga á að styrkja starfsemina með þessum hætti eru vinsamlegast beðin um að hafa samband við framkvæmdastýru.

Námskeið haustið 2015

Unnið er að því að skipuleggja námskeið á vegum VBR sem haldin verði nú í haust. Um er að ræða stutt kynningarnámskeið þar sem farið verði í vistvæna hönnun, vottun bygginga og framkvæmdir. Nánar verður sagt frá tímasetningu og tilhögun síðar.

Dagana 8-10 sept. stendur yfir matsmanna námskeið á vegum BREEAM hér á Íslandi. Fyrirtækið HBH efh. stendur fyrir námskeiðinu í samvinnu við BRE.

sjá nánar á vefsíðu, ásamt fleiri viðburðum.

Útg./ábyrgðamaður: Sigríður Björk Jónsdóttir, framkvæmdastýra VBR

Samstarfsvettvangur um vistvæna þróun

Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjageiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænum byggingaraðferðum, hönnun og skipulagi.



Ofanleiti 2, 103 Reykjavík (hjá Verkís)

Sími: 5712700/ Gsm: 8403838

Netfang: vbr@vbr.is

Vefsíða: www.vbr.is

